

# Reglur um styrki til íþróttá- og tómslundafélaga vegna lokunar húsnæðisins við Brákarbraut 25-27

## 1. gr. Tilgangur og gildissvið

Tilgangur reglna þessara er að koma á samræmdum reglum fyrir styrki til þeirra íþróttá- og tómslundafélaga sem var ekki heimilt að vera með starfsemi í húsnæði Borgarbyggðar við Brákarbraut 25-27 þegar tekin var ákvörðun um lokun húsnæðisins af hálfu slökkviliðsstjóra Borgarbyggðar. Styrkirnir miða að því að koma til móts við þau félög sem um ræðir til þess að standa undir hluta kostnaðar félaganna við að koma undir sig nýju vegna lokunar húsnæðisins að Brákarbraut 25-27.

Reglurnar gilda um eftirfarandi íþróttá- og tómslundafélög sem voru með starfsemi í húsnæði við Brákarbraut 25-27 við ákvörðun slökkviliðsstjóra um lokun húsnæðisins.

1. Fornbílafjelag Borgarfjarðar.
2. Bifhjólafélag Borgarfjarðar - Raftarnir.
3. Körfuknattleiksdeild Skallagríms.
4. Skotfélag Vesturlands.
5. Golfklúbbur Borgarness

Setning reglna þessara felur ekki í sér viðurkenningu sveitarfélagsins á að það beri ábyrgð á hugsanlegu tjóni ofangreindra félaga eða beri að öðru leyti ábyrgð á því að afla ofangreindum félögum húsnæði.

## 2. gr. Framlag sveitarfélagsins

Heildarsjóður sveitarfélagsins til þess að koma til móts við ofangreind félög er að fjárhæð kr. 7.500.000.

## 3. gr. Umsókn styrkþega

Sækja ber um styrk samkvæmt reglum þessum eigi síðar en 31. desember 2022. Hafi ekki borist umsókn um styrk fyrir þann tíma sem uppfyllir skilyrði reglna þessara fellur réttur viðkomandi félagasamtaka til styrks niður.

Umsókn skal skila inn á eyðublaði sem aðgengilegt er í þjónustuveri Borgarbyggðar og senda umsókn til byggðarráðs Borgarbyggðar.

Með umsókn skal fylgja tímasett framkvæmda- og kostnaðaráætlun auk ársreiknings félagsins vegna síðasta árs. Í umsókninni þarf að koma skýrt fram hvert er markmið styrkveitingarinnar.

Skila skil skýrslu um hvernig fjármagnið var nýtt, eigi síðar en 31. desember 2023.

## 4. gr. Styrkhæf verkefni samkvæmt reglum þessum

Þau verkefni sem styrkhæf eru samkvæmt reglum þessum eru eftirfarandi:

1. Flutningskostnaður til þess að koma starfsemi fyrir á nýjum stað.
2. Kostnaður vegna leigu á nýju húsnæði fyrir íþróttá- eða tómslundafélag.
3. Kaup á nýju húsnæði fyrir íþróttá- eða tómslundafélag.
4. Endurbætur fasteignar eða íþróttasvæðis í eigu íþróttá- eða tómslundafélags.
5. Endurbætur á leiguhúsnæði eða annarri aðstöðu sem íþróttá- eða tómslundafélag hefur aflað sér.

Hafi Borgarbyggð samþykkt að styrkja íþróttá- eða tómstundafélag með endurgjaldslausum afnotum af húsnæði í eigu sveitarfélagsins dregst sú styrkfjárhæð frá ofangreindum styrk áður en heimilt er að nýta hann til annars kostnaðar sem greinir hér að ofan.

Óheimilt er að nýta styrkfé skv. reglum þessum til annarra nota en fram koma í 4. gr. reglna þessara. Sé það gert myndast endurgreiðsluskylda félagsins til Borgarbyggðar sem nemur óheimilli nýtingu fjármunanna.

#### **5. gr. Hámarksfjárhæð styrkveitingar**

Grunnstyrkfjárhæð til hvers íþróttá- eða tómstundafélags skv. 1. gr. eru 500.000 kr.

Þau félag sem talin eru upp í 1. gr. sem auk þess voru með barna- og unglíngastarf við lokun húsnæðis að Brákarbraut 25-27 geta sótt um 500.000 til viðbótar.

Þau félag sem voru með fleiri iðkendur innan sinna raða heldur en 100 við lokun húsnæðis að Brákarbraut 25-27 hafa heimild til þess að sækja um kr. 500.000 til viðbótar.

Hámarksfjárhæð til hvers íþróttá- eða tómstundafélags eru því kr. 1.500.000 miðað við ofangreinda skilmála.

#### **6. gr. Útgreiðsla styrkumsóknar**

Byggðarráð Borgarbyggðar metur hvort framlögð umsókn uppfylli skilyrði reglna þessara. Styrkumsókn er greidd út, gegn útgáfu reiknings íþróttá- eða tómstundafélags, í kjölfar samþykktar byggðarráðs.

Sé lokaskýrslu ekki skilað innan þeirra tímamarka sem fram koma í 3. gr. myndast endurgreiðsluskylda hjá viðkomandi íþróttá- eða tómstundafélagi. Áður en til endurgreiðsluskyldu kemur ber sveitarfélaginu að skora á viðkomandi félag og gefa því 30 daga frest til þess að skila inn lokaskýrslu um nýtingu fjármunanna.

#### **7. gr. Framkvæmdastyrkir sveitarfélagsins**

Úthlutun til íþróttá- eða tómstundafélags samkvæmt reglum þessum útilokar viðkomandi félag ekki til þess að sækja um framkvæmdastyrki til íþróttá- og tómstundafélaga í Borgarbyggð skv. gildandi reglum.